

Til markaðsaðila  
á raforku og hleðslumarkaði

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 15.10.2020  
Tilv.: 1907009

**Efni: Upphaf rannsóknar og upplýsingabeiðni - hleðslustöðvar og hleðslur**

Samkeppniseftirlitinu barst kvörtun frá fyrirtækinu Ísorka ehf. (hér eftir „Ísorka“) hinn 12. júlí 2019, vegna meintra samkeppnisbrota Orku náttúrunnar ohf. (hér eftir „Orka náttúrunnar“ eða „ON“). Nánar tiltekið heldur Ísorka m.a. fram í erindi sínu að sala, uppsetning og þjónusta ON vegna hleðslustöðva og hleðslna fyrir rafbíla á smásölustigi, og kaup ON á slíkum hleðslustöðvum á heildsölustigi, séu í bága við 10. og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Að virtum þeim upplýsingum og gögnum sem aflað hefur verið við forathugun málsins hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að hefja formlega rannsókn á háttsemi ON á mögulegum markaði fyrir hleðslur, hleðslustöðvar og rafmagn.

Vegna þessa óskar Samkeppniseftirlitið eftir neðangreindum gögnum og upplýsingum frá fyrirtæki / sveitarfélagi þínu um starfsemi félagsins á mögulegum mörkuðum málsins, þ.e. fyrir rafhleðslur á rafbíla, hleðslustöðvar, og smásölu raforku til heimila og fyrirtækja.

Athugið að aðeins þarf að svara þeim spurningum sem eiga við um starfsemi ykkar. Ef fyrirtæki / sveitarfélag þitt er starfandi á markaði fyrir hleðslustöðvar og eftir atvikum á markaði fyrir rafhleðslur, þá geta spurningar 1 til 12 átt við, einhverjar þeirra eða allar. Ef fyrirtæki þitt er einnig eða eingöngu starfandi á raforkumarkaði þá geta spurningar 13 til 15 sömuleiðis átt við. Til nánari útskýringar á umræddum spurningum og meðfylgjandi excel skjali eru spurningarnar útlistaðar hér að neðan.

***Upplýsingar um hleðslustöðvar 2016 – 31. júlí 2020***

1. Fjöldi hraðhleðslustöðva í rekstri hjá félaginu (e. *rapid charging EVSE*) í árslok 2016, 2017, 2018, 2019 og 31. júlí 2020.
2. Fjöldi millihleðslustöðva í rekstri hjá félaginu (e. *public and workplace charging EVSE*) í árslok 2016, 2017, 2018, 2019 og 31. júlí 2020.
3. Fjöldi heimahleðslustöðva í rekstri hjá félaginu (e. *home charging EVSE*) í árslok 2016, 2017, 2018, 2019 og 31. júlí 2020.

Óskað er eftir viðbótarsundurliðun á ofangreindum fjöldatölum eftir því hvort stöðvar eru í rekstri og eigu félags þíns eða eingöngu reknar af félaginu, og eftir því hvort þær eru aðgengilegar almenningi eða ekki, sjá nánar meðfylgjandi excel skjal.

4. Lista yfir staðsetningu hleðslustöðva sem og flokkun eftir dreifiveitusvæðum
5. Á ekki við – haldið inni vegna tilvísana í meðfylgjandi excel skjali.
6. Magn rafmagns mælt í KWh eða GWh seldra rafmagnshleðslna á hleðslustöðvum félagsins sundurliðað eftir tegundum hleðslustöðva

***Tekjur vegna hleðslustöðva og sölu rafhleðslna***



7. Tekjur án vsk. - beðið er um heildartekjur félagsins af smásölu á rafhleðslum og rekstri hleðslustöðva fyrir notkun rafbílaeigenda fyrir árin 2016, 2017, 2018, 2019 og 1.1.-31. júlí 2020 (m.v. hálfársuppgjör).

Jafnframt er beðið um frekari sundurliðun þessara tekjuupplýsinga með eftirfarandi hætti:

- a. Eftir gjaldþáttum, t.d. KWh, tímagjald, og fyrir önnur möguleg stöðvargjöld.
- b. Aðrar tekjur en vegna sölu rafhleðslna í a-lið, svo sem vegna uppsetningu, umsjónar, viðhalds, þjónustu hleðslustöðva, og/eða vegna kerfisþjónustu fyrir hleðslustöðvar (e. *the supply of network services for electric vehicle supply equipment*);
- c. Eftir tegundum hleðslustöðva (heima-, milli- og hraðhleðslustöðvar), og eftir því hvort stöðvarnar eru aðgengilegar almenningi eða ekki.
- d. Eftir hleðslustöðvum sem eru í rekstri og eigu félagsins annars vegar, og þeim sem eru eingöngu í rekstri félagsins hins vegar.

Sjá nánar excel skjal sem sent er til útfyllingar í þessu samhengi.

8. Á ekki við – haldið inni vegna tilvísana í meðfylgjandi excel skjali.

#### ***Rekstrarkostnaður vegna hleðslustöðva og sölu rafhleðslna***

9. Rekstrarkostnaður - beðið er um heildarrekstrarkostnað vegna reksturs hleðslustöðva félagsins.

Jafnframt er beðið um frekari sundurliðun þessa rekstrarkostnaðar með eftirfarandi hætti:

- a. Bókfærðar afskriftir hleðslustöðva í rekstri og í eigu félagsins árin 2016, 2017, 2018, 2019 og 1.1.-31. júlí 2020.
- b. Flutningsgjald (KWh) árin 2016, 2017, 2018, 2019 og 1.1.-31. júlí 2020.
- c. Verð á raforku (KWh) árin 2016, 2017, 2018, 2019 og 1.1.-31. júlí 2020.
- d. Annar rekstrarkostnaður, svo sem viðhald, greiðslulausnir, fjármagnskostnaður eða og annað árin 2016, 2017, 2018, 2019 og 1.1.-31. júlí 2020.
- e. Eftir tegundum hleðslustöðva (heima-, milli- og hraðhleðslustöðvar), og eftir því hvort stöðvarnar eru aðgengilegar almenningi eða ekki árin 2016, 2017, 2018, 2019 og 1.1.-31. júlí 2020..
- f. Eftir hleðslustöðvum sem eru í rekstri og eigu félagsins annars vegar, og þeim sem eru eingöngu í rekstri félagsins hins vegar árin 2016, 2017, 2018, 2019 og 1.1.-31. júlí 2020..

Sjá nánar excel skjal sem sent er til útfyllingar í þessu samhengi.

#### ***Innkaup og sala hleðslustöðva***

10. Magn keyptra hleðslustöðva af hálfu félagsins og heildarfjárhæð innkaupa á hleðslustöðvum fyrir á umræddu tímabili og með áðurnefndri sundurliðun fyrir tegundir stöðva.
11. Fjöldi og tekjur (fjárhæð án vsk.) seldra hleðslustöðva fyrir ofangreint tímabil og með áðurnefndri sundurliðun fyrir tímabil og tegundir stöðva.
12. Helstu birgjar félagsins varðandi kaup á rafhleðslustöðvum og magn kaupa frá einstökum söluaðila.

#### ***Raforkumarkaður og smásala***

13. Magn raforku (MWh) vegna smásölu raforku til heimila og fyrirtækja.
14. Tekjur félagsins án vsk. vegna smásölu raforku til heimila og fyrirtækja.



Hvað varðar umbeðnar tekju- og kostnaðarupplýsingar hér að framan þá óskast þær almennt afhentar fyrir árin 2016, 2017, 2018, 2019 og frá 1.1. til 31. júlí 2020 eins og fram hefur komið og nánar greinir í meðfylgjandi excel skjali (nema annað komi sérstaklega fram).

Óskað er eftir því að heildarupplýsingar séu til viðbótar sundurliðaðar eftir því hvort um sé að ræða rekstur rafhleðslustöðva sem fyrirtæki þitt á og rekur annars vegar, og þar sem fyrirtækið er einungis rekstraraðili en ekki eigandi hins vegar, þar sem það á við, eins og tekið er fram í ofangreindri upptalningu og í meðfylgjandi excel skjali. Að því leyti sem ekki er gert ráð fyrir afhendingu upplýsinga í viðeigandi reitum í excel skjali er þess óskað að félagið veiti þær skriflega.

Ef mikill munur er á rekstri hleðslustöðva eftir staðsetningu, svo sem ef ekki eru innheimt gjöld (t.d. tímagjöld) fyrir tilteknar hleðslustöðvar þá biður eftirlitið um sérstaka aðgreiningu eða sundurliðun fyrir slíkar stöðvar og að þær séu sérstaklega tilgreindar.

Um heimild Samkeppniseftirlitsins til að afla umbeðinna upplýsinga og skyldu fyrirtækja til að veita þær og afhenda gögn vísast til 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Þess er vinsamlegast óskað að framangreindar upplýsingar berist eftirlitinu **eigi síðar en 5. nóvember nk.**

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Halldór Hallgrímsson Gröndal

Ólafur Sigmundsson